Vegna: Máls nr. 0930/2024, Göngu- og hjólastígar um Ásbraut (Lýsing)

Athugasemd:

Ég bý við Ásbraut og notast nær eingöngu við rafmagnshjól í mínum samgöngum. Umferð hjólafólks hefur margfaldast við Ásbrautina á síðastliðnum 10 árum, frá því merkingar voru málaðar á götuna, og á hverjum degi sé ég alls konar fólk hjóla niður Ásbrautina vinstra megin, s.s. þar sem "hjólastígslínan" hefur verið. Þetta fólk virðist alls ekki sjá merkingar fyrir hjól sem eru hægra megin á götunni, og eru því að fara á móti umferð. Oft koma þau á fullri ferð inn af Hábrautinni og sveigja þannig í veg fyrir bílaumferð sem er að koma upp götuna. Það er alveg krúsjalt að merkingar séu augljósar og meira leiðbeinandi en hefur verið, sem og að stígarnir sitt hvoru megin þurfa að skera sig meira frá götunni. Það skilur ekki eftir mikið pláss fyrir bílaumferð og er ég mjög forvitin að sjá hvernig á að tækla þetta á þann hátt sem fylgir stöðlum um hjólastíga.

Einnig hef ég verið að hugsa hvort ekki væri ráð fyrir bæinn að setja kross á gatnamótin við Kársnesbraut og Sæbólsbraut, svo það sé rautt á allri bílaumferð á sama tíma og hjólandi/gangandi geti þá farið á ská yfir gatnamótin, eins og hefur verið gert (og er til fyrirmyndar) á mótum Borgarholtsbrautar og Urðarbrautar. Það er ofboðslega mikið um að bílum sé ekið yfir á rauðu á miklum hraða á þessum gatnamótum, sérstaklega upp úr Sæbólsbrautinni. Og umferð hjólandi um þessi gatnamót, bæði þeirra sem eru að fara eftir hjólastígnum milli bæjarfélaga sem og barna úr hverfinu, hefur farið mikið fjölgandi undanfarin ár. Ég held að þetta myndi auka öryggi allra sem þarna eiga leið um.

Höfundur: Ásdís Auðar Ómarsdóttir/asdiso@gmail.com

Sent inn þann: 09.09.2024

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026